



STE-0007 PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING

ALMENNT

Límtré Vírnet ehf. („Límtré Vírnet“) hefur einsett sér að tryggja trúnað, áreiðanleika og öryggi persónuupplýsinga í hvívetna vegna þeirra persónuupplýsinga sem fyrirtækið vinnur.

Í persónuverndaryfirlýsingu þessari er því lýst hvernig Límtré Vírnet vinnur með persónuupplýsingar. Öll vinnsla Límtré Vírnets fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög).

Með vísan í persónuupplýsingar í yfirlýsingu þessari er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til tiltekins einstaklings. Sem dæmi má nefna nafn, kennitala, heimilisfang, IP tala, heilsufarsupplýsingar o.s.frv. Í 2. og 3. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tiltekið hvað fellur undir hugtakið persónuupplýsingar.

Með vísan í vinnslu persónuupplýsinga í yfirlýsingu þessari er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki. Sem dæmi má nefna, söfnun persónuupplýsinga, skráningu þeirra, varðveisla, breyting, miðlun með framsendingu, notkun, skoðun, heimt o.s.frv. Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tiltekið hvað fellur undir hugtakið persónuupplýsingar.

ÁBYRGÐARAÐILI

Ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga er sá sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Límtré Vírnet er ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer hjá fyrirtækinu.

Samskiptaupplýsingar Límtré Vírnets:

- Límtré Vírnet ehf.
- Borgarbraut 74, 310 Borgarnes
- S: 412 5300
- personuvernd@limtrevirnet.is

PERSÓNUUPPLÝSINGAR SEM LÍMTRÉ VÍRNET VINNUR OG GRUNDVÖLLUR VINNSLU

Ósk um tilboð

Þú getur, meðal annars á heimasíðu Límtré Vírnets, óskað eftir því að fá tilboð í ákveðið verk. Tilgangur þeirra vinnslu er að verða við ósk þinni um tilboð. Þegar óskað er eftir tilboði í verk þarf að veita upplýsingar um nafn, kennitölu, símanúmer og netfang.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna óskar um tilboð fer fram á grundvelli þess að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Pantanir

Þegar þú pantar hjá okkur vöru þurfum við að skrá niður upplýsingar um þig í þeim tilgangi að verða við pöntun þinni. Við pöntun á vöru skráum við upplýsingar um þig svo sem nafn, kennitölu, netfang, símanúmer, heimilisfang ásamt upplýsingum um efni pöntunar.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna pantana og viðskipta þar af leiðandi fer fram á grundvelli samnings sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Tölvupóstsamskipti

Þú getur átt í tölvupóstsamskiptum við starfsmenn hjá Límtré Vírnet. Tilgangur þeirrar vinnslu er að verða við erindum sem berast sem og að halda utan um nauðsynleg samskipti.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna tölvupóstsamskipta eru lögmatir hagsmunir, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Tengiliðaupplýsingar

Límtré Vírnet ehf. þarf óhjákvæmilega að vinna tengiliðaupplýsingar. Sértu starfsmaður fyrirtækis sem á í viðskiptum við Límtré Vírnets ehf. höldum við utan um tengiliðaupplýsingar um þig svo sem nafn og netfang.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna utanumhalds um tengiliðaupplýsingar eru lögmatir hagsmunir, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Önnur vinnsla persónuupplýsinga tengd starfsemi Límtré Vírnets

Límtré Vírnet ehf. sinnir ýmsum verkefnum og þarf að fylgja lögum, svo sem lögum nr. 145/1994 um bókhald, og þarf óhjákvæmilega að vinna persónuupplýsingar í því skyni. Tilgangurinn fer eftir því hvaða verkefni um ræðir hverju sinni en hann er að meginstefnu til að standa við gerða samninga eða að uppfylla lagaskyldu.

Grundvöllur þeirra vinnslna byggir á samningi, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. eða á lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

MÍÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA TIL ÞRIÐJA AÐILA

Límtré Vírnet miðlar persónuupplýsingum til þriðja aðila sem ráðnir eru af fyrirtækinu til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, svo sem þjónustuveitendur og verktakar (vinnsluaðilar). Í þeim tilfellum gerir Límtré Vírnet samning við viðkomandi aðila (vinnslusamningur). Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu vinnsluaðilans til að fylgja fyrirmælum fyrirtækisins um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi en kveðið er á um í vinnslusamningi. Að auki ber vinnsluaðila að tryggja öryggi persónuupplýsinga með viðeigandi hætti.

VARÐVEISLUTÍMI PERSÓNUUPPLÝSINGA

Límtré Vírnet geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er fyrir fyrirtækið að hafa þær undir höndum. Bókhaldsgögn eru geymd í sjö ár frá lokum síðasta reikningsárs í samræmi við lög nr. 145/1994 um bókhald. Þegar ekki er þörf fyrir að hafa persónuupplýsingar undir höndum lengur eyðir fyrirtækið þeim með öruggum hætti.

RÉTTINDI ÞÍN

Hafi einstaklingar veitt samþykki fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga eiga þeir samkvæmt persónuverndarlögum rétt á að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er. Sá réttur hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirra vinnslu sem fram fór áður en samþykki var afturkallað. Þá njóta einstaklingar einnig annarra réttinda, svo sem réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar og réttar til að flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

RÉTTUR TIL AÐ LEGGJA FRAM KVÖRTUN HJÁ PERSÓNUVERND

Þú átt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þú dregur í efa að Límtré Vírnet meðhöndli persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög. Hægt er að senda inn erindi á www.personuvernd.is.

ÖRYGGI PERSÓNUUPPLÝSINGA

Límtré Vírnet leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra öryggisráðstafana í þeim tilgangi að tryggja öryggi persónuupplýsinga. Öryggisráðstöfunum þessum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær breytist, glatist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi. Límtré Vírnet er til að mynda með aðgangsstýringar í kerfum fyrirtækisins.

Þá stuðlar Límtré Vírnet að aukinni vitundarvakningu hjá starfsmönnum fyrirtækisins með reglulegri þjálfun og fræðslu um hvernig skal tryggja öryggi persónuupplýsinga.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Hafir þú frekari spurningar um hvernig Límtré Vírnet meðhöndlar þínar persónuupplýsingar, þá getur þú sent fyrirspurn til umsjónarmanns persónuverndarmála á netfangið personuvernd@limtrevirnet.is.

ENDURSKOÐUN

Persónuverndaryfirlýsing þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða ef breytingar eru gerðar á því hvernig Límtré Vírnet vinnur persónuupplýsingar.

Eftir að breytingar hafa verið gerðar á persónuverndaryfirlýsingu þessari taka þær gildi þegar uppfærð útgáfa hefur verið birt.